

1862.

11. aprílm.

25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um fê, er verja megi til nýársgleði handa vinnumönnum prentsmiðjunnar í Reykjavík.

Frá annari af skrifstofum þeim, þar sem rannsakadir eru reikningar í konungsríkinu, hefir dómsmálastjórninni verið sent eptirrit af 5. athugagrein við reikninginn yfir tekjur og gjöld stiptsprentsmiðju Íslands fyrir árið 1859, til þess stjórnarráðið skyldi skera úr því atriði, sem í grein þessari hafði verið að fundið, að þetta ár höfðu verið greiddir úr sjóði prentsmiðjunnar 14 rdl, til hátíðagleði um nýárið handa vinnumönnum hennar, og hefir það verið talið ákjósaulegt, ef stjórnarráðið annars fællist á að fê þessu hefði verið þannig varið, að það þá yrði fast ákveðið, hversu miklu fê framvegis megi verja úr sjóði prentsmiðjunnar í þessu skyni.

Í þessu efni skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það reikningshaldara prentsmiðjunnar, að útásetning sú, sem hér er um rætt, má burt falla, og að stjórnarráðið fellst á uppástungu yðar, herra stiptamtmaður, og yðar háæruverðugi herra, þá er þér gjörðuð í bréfi 17. maím. f. á., um að gjöld þessi framvegis verði þannig ákveðin, að þau ekki fari fram úr 2 ríkisdöllum fyrir hvern mann.

10. maím.

26. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu á Íslandi, um þýðing á ýmsum ákvörðunum í tilsk. 15. marzm. 1861 um vegina á Íslandi.

Þaræð þér voruð í efa um, hvernig skilja ætti ýmsar ákvarðanir í tilskipun 15. marzm. f. á. um vegina á Íslandi, hafði þér beðið dómsmálastjórnina að svara spurningum þeim, er nú skal greina:

1. Hvenær tilskipunin eigi að fá lagagildi.
2. Hvernig að skuli farið til að viðhalda þjóðvegum þeim, sem